

## BÓKUN:

Skipulags og mannvirkjanefnd hefur tekið fyrir og fjallað um umsagnir og athugasemdir sem bárust við auglýsta skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 á 427, 428, 429, 430 og 431 fundum nefndarinnar.

Með vísan í greinargerð dags. 20. apríl 2015 þar sem fram kemur rökstuðningur og afstaða nefndarinnar leggur skipulags- og mannvirkjanefnd til við bæjarstjórn að skipulags- og matslýsingin verði samþykkt með neðangreindum breytingum og að þær breytingar sem ekki er bókað sérstaklega um verði teknar til áframhaldandi vinnslu aðalskipulagsins eins og þær koma fram í auglýstri skipulags- og matslýsingu og umfjöllun og afstöðu nefndarinnar í greinargerð.

Jafnframt leggur nefndin til að í staðinn fyrir að gerðar séu svo viðamiklar breytingar á aðalskipulaginu fari fram heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 þar sem samþykkt skipulags- og matslýsing verði lögð Fjallað verður um byggingar- og mannvirkjamál, samskipti framkvæmdaaðila og embættismanna, byggingarreglugerð með nýjustu breytingum og kynningu á kostum þess að vera aðili að Samtökum iðnaðarins.

Fundurinn verður haldinn á Edinborgarhúsi og hefst kl. 17.00. Kaffi og meðlæti verður í boði í byrjun fundar.

til grundvallar.

Eftirfarandi breytingar verði gerðar á auglýstri skipulags- og matslýsingu:

### 3.2 NESDALUR – MINNKUN Á SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

*Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur undir þær athugasemdir sem gerðar eru við gildandi aðalskipulag, er varðar Nesdal og leggur til að engin frístundabyggð verði leyfð í Nesdal.*

### 3.6 ENGIDALUR – TILFÆRSLA Á REIÐLEIÐ

*Skipulags- og mannvirkjanefnd hafnar að framangreind breyting verði gerð á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Forsendur skortir fyrir framkvæmdinni, þegar eindregin andstaða landeiganda liggur fyrir.*

### 3.7 SELJALANDSDALUR – EFNISTAKA

*Skipulags- og mannvirkjanefnd hafnar að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Náma á þessum stað myndi verða mjög áberandi frá stóru svæði með tilheyrandi neikvæðum áhrifum. Efni í tilgreindan varnargarð er sótt annað og því getur ekki talist vera brýn þörf á nýrri efnisnámu í Skutulsfirði, á allra næstu árum.*

### 3.10 STÓRA-EYJAVATN – VATNAFLUTNINGAR

*Skipulags- og mannvirkjanefnd hafnar að framangreind breyting verði gerð á aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Nefndin tekur heilshugar undir framkomnar athugasemdir, að ekki komi til greina að skerða náttúrulega fegurð Dynjanda með skerðingu á vatnasviði hans. Í greinargerð Náttúruverndarráðs frá 2.1.1978, má meðal annars sjá eftirfarandi rök fyrir afstöðu ráðsins gegn virkjunaráformum; „Það mun samdóma álit manna, að Fjallfoss sé einn af 5-10 fegurstu fossum á Íslandi. Myndir af honum hafa víða birst og frægð hans flogið með þeim. Fossaröðin sjálf í Dynjanda*

